

nýttur með eðlilegum hætti sá frestur, sem dómara er heimill lögum samkvæmt, til formlegrar ákvörðunar ofangreindan Guðmund Steinsson varðandi. Þar sem enn hefur ekki náðst til Gunnars Lunddal Friðrikssonar, sem nauðsynlegt þykir að yfirheyra í þessu sambandi, auk margra fleiri vegna núverandi stöðu rannsóknar, þykir í hennar þágu og auk ofanritaðs með vísan til 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera að Guðmundur Steinsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis að Goðheimum 19 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir afmarkað við allt að 10 dögum.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Steinsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis að Goðheimum 19, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 124/1978. **Samgönguráðherra f. h. Hafnamála-
stofnunar ríkisins og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

**Grími Guttormssyni og
gagnsök**

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttar-
dómari.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júní 1978. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýj-

anda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda 85.432 krónur og að málskostnaður falli niður. Til þrautavara krefjast þeir lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. október 1978 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða sér 2.400.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 2. desember 1976 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Leggja verður til grundvallar, að samningur hafi komist á milli gagnáfrýjanda og Hafnamálastofnunar ríkisins þess efnis, að gagnáfrýjandi tækist á hendur köfun í Sandgerðishöfn haustið 1976. Af störfum þessum varð ekki af ástæðum, sem gagnáfrýjanda voru óviðkomandi. Verður að ætla, að gagnáfrýjandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni af þessum sökum, sem aðaláfrýjendum ber að bæta. Þykja bætur hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, en rétt er, að vextir reiknist frá þingfestingardegi máls þessa í héraði, 2. desember 1976, eins og gagnáfrýjandi hefur krafist. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 270.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 2. desember 1976.

Aðaláfrýjendur, samgönguráðherra f. h. Hafnamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Grími Guttormssyni, 270.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi í dag, höfðaði Grímur Guttormsson, Langhóltsvegi 104,

Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Halldóri E. Sigurðssyni samgönguráðherra, Arnarholvi, Reykjavík, fyrir hönd Hafnamálastofnunar ríkisins, og Matthíasi Á. Matthiesen fjármálaráðherra, Arnarholvi, Reykjavík, fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu á kr. 2.400.000 auk 14% vaxta frá útgáfudegi stefnu og málskostnaði samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda vaxtakröfu sinni á þann veg að krefjast 14% ársvaxta frá þingfestingardegi málsins, 2. desember 1976, til greiðsludags. Að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur að verða algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnanda verði einungis tildæmd fjárhæð, sem samsvari dagvinnulaunum hans í einn mánuð frá 23. október 1976 að telja. Til þrautavara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði lækkuð að mati dómsins. Enn fremur er þess krafist til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Við munnlegan málflutning í dag breytti lögmaður stefndu dómkröfum sínum þannig að falla frá sýknukröfu og kröfu um málskostnað, en krefjast þess, að stefndu verði einungis dæmdir til þess að greiða stefnanda viku uppsagnarfrest, þ. e. dagvinnu miðað við taxa Félags ísl. kafara, eins og hann var í sept. 1976, sbr. dskj. nr. 4. Vara- og þrautavarakrafa stefndu voru óbreyttar. Einnig var þess krafist, að málskostnaður félli niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Mál þetta var fyrst dómtekið 6. mars sl., en síðan endurupptekið og flutt að nýju og dómtekið í dag.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að á síðastliðnu sumri hafi Einar Stefánsson, forstöðumaður áhaldahúss Hafnamálastofnunar ríkisins, ráðið stefnanda til að vinna köfunarvinnu við hafnargerð í Sandgerði. Stefnandi hafi á undanförunum árum unnið hjá Skeljungi h/f á milli þess sem hann hafi tekið að sér köfunarverkefni fyrir Hafnamálastofnun ríkisins, en þegar hann hafi verið ráðinn að hafnargerðinni í Sandgerði, hafi hann sagt upp starfi sínu hjá Skeljungi h/f. Í september 1976 hafi orðið ljóst, að framkvæmdir við hafnargerðina í Sandgerði mundu dragast vegna rannsóknna í höfninni þar. Hafi stefnandi þá verið sendur vestur í Ísafjarðardjúp, þar sem hann hafi unnið við gerð

bryggju í Æðey. Hafi hann verið þar í 3 vikur, en við komuna til Reykjavíkur í byrjun október hafi honum verið tjáð af yfirverkfræðingi Hafnamálastofnunarinnar, Daníel Gestssyni, að hætt væri við að láta hann vinna að köfun í Sandgerði, án þess að nokkur skýring væri gefin.

Stefnandi telur, að miðað við samning þann, sem Félag íslenskra kafara hafi við Hafnamálastofnun ríkisins um kaup og kjör, hefðu laun hans við köfun og sprengingar í Sandgerðishöfn orðið kr. 200 þúsund á viku. Verkið mundi taka 3 mánuði, þannig að vinnulaun stefnanda hefðu samtals orðið um kr. 2.4 milljónir og sé stefnufjárhæðin þannig til orðin.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá stefnanda, að köfun fyrir Vita- og hafnamálastofnunina hafi verið aðalstarf hans í um 30 ár. Stefnandi kvaðst álíta, að svona um 75% af tekjum sínum væru þaðan runnin. Fyrir þessa stofnun hafi stefnandi eingöngu unnið sem kafari, nema í sumum tilfellum hafi hann verið verkstjóri, t. d. við byggingu slíppsins á Norðfirði. Þá hafi stefnandi ráðið algerlega sjálfur, hvernig ætti að framkvæma verkið.

Þegar Einar Stefánsson réð stefnanda til starfa sumarið 1976, hafi verið talað um ákveðið verk, sem um var að ræða í höfninni í Sandgerði. Stefnandi kvaðst ekki hafa vitað nákvæmlega, hve langan tíma verkið mundi taka, en hann hafi vitað, að það mundi taka nokkra mánuði. Sjaldan sé talað um það, hve langan tíma svona verk taki, það sé oft margt, sem komi á daginn, þegar eigi að fara að vinna verkið, og vont sé að ákveða tímenn. Stefnandi hafi fundið fjárhæðina kr. 200 þúsund á viku skv. texta Kafarafélagsins, þegar kafað sé með tæki, sem kafarinn á sjálfur. Á þessum tíma hafi verið í gildi taxti, sem komi fram sem handskrifaðar tölur á dskj. nr. 4.

Stefnandi hafi ekki fengið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna hann hafi ekki fengið verkið, sem hann hafði verið ráðinn til. Fljótlega eftir að stefnandi hætti hjá Vita- og hafnamálastofnuninni, hafi hann farið að vinna hjá Skeljungu h/f. Þar vinni stefnandi sem smiður á smiðslaunum, en þar fyrir utan vinni hann alla köfun, sem Skeljungur h/f þurfi á að halda, og fyrir þau störf fái hann laun skv. samningi Félags íslenskra kafara.

Við köfun leggi stefnandi sjálfur til köfunarbúnað og séu leigutekjur af köfunarbúnaðinum verulegur hluti af tekjum kafara. Kafarar velji sér líflínumann, sem beri ábyrgð á áhöldum, tækjum og kafaranum, þegar hann er niðri, og einnig passi hann

tímann. Líflínumaður sé aðstoðarmaður kafarans. Stefnandi kvaðst greiða launaskatt og söluskatt eins og verk taki.

Einar Stefánsson, forstöðumaður áhaldahúss Vita- og hafnamálastofnunarinnar, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Einari, að hann hefði ráðið stefnanda til þess að vinna að köfun í Sandgerði. Vita- og hafnamálastofnunin hafi fastráðinn kafara í sinni þjónustu, sá kafari sé í fastri vinnu sem verkstjóri í bátasmíði og svo sé hann losaður úr því starfi til þess að fara í köfun, þegar þörf krefur. Á árinu 1976 hafi þessi kafari fengið kr. 1.6 milljón í laun frá Vita- og hafnamálastofnuninni fyrir köfun og þar fyrir utan sé hann á föstum mánaðarlaunum. Þá er stefnandi var ráðinn til köfunarvinnu í Sandgerði, hafi fastráðni kafarinn verið upptekinn. Síðan hafi orðið dráttur á því, að verkið færi af stað. Einar hafi þá beðið stefnanda að fara í aðra vinnu og hafi hann farið í köfun til Æðeyjar. Verkið hafi dregist það, að fastráðni kafarinn hafi verið orðinn laus, en Vita- og hafnamálastofnunin sé með samning við hann um að koma inn í þau verk, sem fyrir liggja. Stefnanda hafi verið boðin vinna innan áhaldahússins við starf, sem væri við hans hæfi. Stefnandi sé skipasmiður og fær sem slíkur og hafi Einar boðið honum vinnu við áhaldahúsið til þess að mæta einhverju í sambandi við þetta brot á ráðningu, en ekki hafi verið um köfun að ræða. Stefnandi hafi ekki tekið þetta starf.

Fram kom hjá Einari, að í flestum tilfellum sé það þannig, að kafari á frjálsum markaði sé kallaður til þess að framkvæma ákveðið tiltekið verk, sem honum sé skýrt frá og hann beðinn að koma til. Verkið sé þá skýrt fyrir kafaranum og það lagt fyrir hann og að einhverju leyti haft samráð við hann um framkvæmdina. Einar taldi það erfitt að svara því, hvort verkið í Sandgerði hefði átt að gefa stefnanda laun, sem væru a. m. k. kr. 200 þúsund á viku. Það sé margt, sem geti haft áhrif á vinnulaun í sambandi við þetta, t. d. veður, það geti hamlað því, að kafað sé nema stuttan tíma á viku. Ef verktími sé 4 eða 6 vikur og deilt upp í það með fullum vinnutíma, þá geti vel verið, að þetta geti komið svona út, en starf kafarans sé mjög háð utanaðkomandi hlutum, veðri og ýmsu og geti þetta breyst mjög mikið. Vikulaun geti jafnvel verið hærri, en þau geti líka verið miklu lægri.

Fram kom hjá Einari, að kafari vinni mjög sjálfstætt starf. Það liggja mjög í hans valdi allt verkið, hvernig það gengur og hvernig það er unnið. Oft og tíðum sé kafarinn oddamaður í verkinu og annar hluti hafnargerðarinnar standi svona í aðstoðar-

stöðu. Köfun sé mjög hættulegt starf. Undir flestum kringumstæðum komi kafari með ákveðinn mann með sér eða hann geti tilnefnt ákveðinn mann úr hópi manna sér til aðstoðar. Kafarinn hafi heimild til þess að ákveða sér sjálfur ákveðinn aðstoðarmann. Venjulega sé það þannig, að kafarinn leggi fram reikning fyrir vinnu sína og þá innheimti hann jafnframt aðstoðarmanns-launin, þá sé aðstoðarmaður ekki á launaskrá.

Núna sé samningsstaða Hafnamálastofnunarinnar og Kafarafélagsins þannig, að eldri samningur, sem launanevnd ríkisins hafi staðið að, sé fallinn úr gildi og annar samningur hafi ekki verið gerður, þannig að ekki sé um að ræða neinn samning. Núna sé greitt skv. reikningum. Reikningarnir séu byggðir á töxtum, sem Kafarafélagið hafi lagt fram. Taxtinn sé annars vegar fyrir kafara með atvinnurekandaútgjöldum og hins vegar fyrir kafara, þar sem sett sé inn verkstjóraálag. Það sé talið, að vinna þeirra sé oft þannig, að þeir séu verkstjórar, beri verkstjóraábyrgð á verkinu, og hafi þeir þess vegna taxa, þar sem verkstjóraálagi sé bætt á. Þessi taxti sé talinn gilda frá 1. mars 1977. Í október 1976 muni hafa verið farið eftir gildandi launasamningi um ráðningu kafara.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi starfað að köfun í 36 ár og hvarvetna unnið sér hið ágætasta orð fyrir mikinn dugnað og hæfni í starfi. Hafi ekki verið fundið að störfum hans hjá Hafnamálastofnun ríkisins í þau 30 ár, sem hann hafi starfað fyrir það fyrirtæki. Sé riftun á verksamningi við hann gersamlega ástæðulaus og bótaskyld, enda hafi hann sagt upp starfi sínu hjá Skeljungi h/f vegna ráðningar sinnar að hafnargerðinni í Sandgerði. Hjá Skeljungi h/f hafi stefnandi unnið á vetrum, þegar minna hafi verið að gera við köfun.

Stefnandi telji, að vinnulaun sín fyrir köfun í Sandgerðishöfn hafi orðið 2.4 milljónir króna, sem er stefnukrafa málsins.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnukrafa málsins væri miðuð við laun stefnanda fyrir stefnda við hafnarframkvæmdir í Grindavík á árinu 1975. Á dskj. nr. 7 séu vikulaun stefnanda kr. 140.744, en þar sé ekkert köfunarálag og engin tækjaleiga. Leiga á kafaratakjum sé stór hluti af tekjum stefnanda. Á framlögðum skattframtölum sjáist tekjur stefnanda og við samanburð á tekjum árána 1975 og 1976 megi sjá tjón stefnanda af riftun verksamningsins.

Stefnandi hafi fengið laun til 5. október 1976 fyrir störf sín fyrir stefndu í Æðey. Stefnandi hafi unnið ákveðið verk fyrir stefndu í Eyrarbakka höfn 23. október 1976 og fyrir það hafi stefnandi fengið greitt og ekki meira.

Ekki sé á því byggt, að stefnandi hafi verið launalaus um tíma vegna þess, að ekki varð af umsaminni vinnu stefnanda fyrir stefndu. Heldur sé málið höfðað til heimtu bóta fyrir riftun á verksamningi. Samningur stefndu við stefnanda hafi verið verksamningur. Þessi fullyrðing er studd þeim rökum, að samið hafi verið um ákveðið verk, stefnandi sé tiltölulega sjálfstæður við framkvæmd verksins, stefnandi sé ekki í launþegafélagi, stefnandi megi sjálfur ráða sér aðstoðarmann, hann leggi sjálfur til dýr tæki og vélar, viðkomandi verk verði ekki unnið af öðrum en þeim, sem hafi leyfi eða löggildingu til þess að vinna verkið. Stefnandi telji fram til skatts sem atvinnurekandi og greiði sölu-skatt, aðstöðugjald, launaskatt og slysatryggingariðgjald. Á dskj. nr. 16 megi sjá verksamning, þar sem ekki sé samið um tiltekinn árangur, þar sé samið um ákveðið tímakaup í samræmi við samning Hafnamálastofnunar ríkisins og Félags ísl. kafara.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að haustið 1976 hafi mælst svo til milli stefnanda og Einars Stefánssonar, forstöðumanns áhaldahúss Vita- og hafnamálastofnunar, að stefnandi kæmi til starfa hjá stofnuninni vegna framkvæmda, sem þá hafi verið unnið að í Sandgerðishöfn. Ráðning þessi hafi verið munnleg, enda sé sá háttur almennt hafður á við ráðningu kafara til einstakra verkefna fyrir stofnunina. Allalengt muni vera, að Hafnamálastofnunin ráði þannig kafara til starfa, auk þess sem einn fastráðinn kafari starfi hjá henni árið um kring. Stefnandi hafi síðan hafið störf 14. sept. 1976 og unnið, svo sem lýst sé í greinargerð stefnanda, til 15. okt. sl., en þá hafi honum verið sagt upp störfum með venjulegum fyrirvara og hafi launagreiðslum til hans lokið 23. okt. 1976.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að uppsagnarfrestur sá, er stefnandi hafi notið, ein vika, sé í fullu samræmi við vinnusamband það, er tekist hafi á milli stefnanda og vinnuveitandans, Hafnamálastofnunar ríkisins, og launagreiðslur allar, er af því hafi leitt, hafi þegar verið inntar af hendi og á réttum tíma.

Svo sem fram komi í greinargerð stefnanda, hafi hann af og til um langt árabíl starfað hjá stofnuninni við einstakar framkvæmdir hennar, þar sem starfsþekking hans hafi nýst. Þegar litið sé heildstætt á téðan starfstíma, verði ekki annað séð en

samband stefnanda og Hafnamálastofnunar sé svo lauslegt og tilviljanakennt, að hinn almenni og tiltölulega skammi uppsagnarfrestur vinnumarkaðarins gildi, jafnvel þótt réttur til lengri frests hafi getað stofnast í einstökum tilvikum þessi ár. Á þetta atriði muni ekki hafa verið reynt áður í samningum stofnunarinnar og kafara, þar sem starfstími þeirra hafi almennt átt sér sinn eðlilega enda við verklok og muni uppsögn aldrei hafa verið tíðkuð í þeim málum. Sé fjöldi vinnustunda stefnanda hjá stofnuninni frá uppsagnardegi til jafnlengdar 1975 athugaður, sbr. dómskjal nr. 6, þá komi í ljós, að þær nái engan veginn þeim mörkum, sem jafnað sé til samfelldrar vinnu í eitt ár eða lengur í 2. mgr., sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16 frá 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, þannig að mánaðarfrestur sá, er greini í téðum lögum, eigi hér ekki við. Það er áréttað, sem fram kemur á dskj. nr. 6, að svokallaðar álagsstundir séu kaupgreiðslur, en ekki tímaeining, þegar reiknuð sé greiðsla fyrir hina eiginlegu köfun, sbr. 3. tl. kaupgjaldsákvæðis í samningi Félags kafara við Hafnamálastofnun á dskj. nr. 4.

Til vara er þess krafist, að uppsagnarfrestur stefnanda verði ákveðinn einn mánuður í samræmi við lög nr. 16 frá 1956 og 1. gr. tilvitnaðs kjarasamnings, enda réttlæti samband stefnanda og stofnunar ekki annan eða lengri uppsagnarfrest, og að laun fyrir þann tíma verði miðuð við fastakaup samkvæmt kjarasamningi fyrir 8 klt. vinnudag að frádregnum greiðslum vegna þeirrar viku, sem þegar hafa farið fram.

Þrautavarakrafa stefndu sé tilkomin vegna fullyrðinga í greinargerð stefnanda um, að kominn hafi verið á verksamningur milli aðilja málsins. Þessu er mótmælt af hálfu stefndu. Réttarstaða kafara beri að vísu örlítinn svip af verksamningi, en á móti komi heildarandi eða stefna í samningum kafara, s. s. það, að verklaun miðist við tímaeiningu, greiðslu í ýmsa sjóði (orlof, lífeyrir) o. fl. atriði, auk þess sem verkið sé að öllu leyti unnið á ábyrgð og undir stjórn Hafnamálastofnunar.

Stefnufjárhæðinni er sérstaklega mótmælt sem allt of hárrí og órökstuddri. Vaxtakröfu er sérstaklega mótmælt, enda sé óljóst, við hvað hún miðist.

IV.

Álit dómsins.

Viðurkennt er, að stefnandi hafi af og til um langt árabíl unnið hjá Hafnamálastofnun ríkisins við köfun. Stefnandi var

ráðinn haustið 1976 til köfunarstarfa fyrir Hafnamálastofnun ríkisins vegna hafnargerðar í Sandgerði. Af þessari vinnu stefnanda fyrir stofnunina varð ekki af ástæðum, sem ekki voru sök stefnanda.

Ósannað er, að stefnanda hafi verið greidd laun fyrir lengri tíma en hann vann fyrir Hafnamálastofnun ríkisins haustið 1976.

Þegar til þess er litið, sem fram er komið um eðli starfs stefnanda, svo og fullyrðinga af hálfu stefndu um, að starfstími kafara hafi almennt átt sér sinn eðlilega enda við verklok og muni uppsögn aldrei hafa verið tíðkuð í þeim málum, þá verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að vikuuppsagnarfrestur eigi við í sambandi stefnanda og stefndu. Sama er um ákvæði 1. gr. laga nr. 16 frá 1958. Þau þykja ekki eiga við um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar.

Þegar til þess er litið, sem fram er komið um eðli starfs stefnanda, aðferðar Hafnamálastofnunar ríkisins við ráðningu kafara til einstakra verka svo og til framburðar stefnanda um, að hann hafi verið ráðinn í ákveðið verk, sem stefnandi hafi ekki vitað nákvæmlega, hve langan tíma tæki, en hann hafi vitað, að það mundi taka nokkra mánuði, þá þykir stefnandi hafa mátt reikna með köfunarstarfi fyrir Hafnamálastofnun ríkisins í a. m. k. 2—3 mánuði vegna hafnargerðar í Sandgerði, enda er fram komið, að verk þetta tók 11 vikur. Ekki hefur verið upplýst, hvað var greitt fyrir verk þetta. Þegar litið er til framlagðra skattframtala stefnanda, þykir stefnandi hafa sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir verulegu tekjutapi við það, að ekki varð af umsaminni vinnu hans fyrir stefndu við Sandgerðishöfn. Þar sem sammingsrofin voru ekki sök stefnanda, þykja honum bera bætur vegna þeirra. Eftir atvikum þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 800.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 171.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðherra f. h. Hafnamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Grími Guttormssyni, kr. 800.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags og kr. 171.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.